



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (EES-reglur), 400. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (hér eftir „umferðarlög“), 400. mál, þar sem m.a. stendur til að innleiða reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1054 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 að því er varðar lágmarkskröfur um daglegan og vikulegan hámarksaksturstíma, lágmarksvinnuhlé og daglegan og vikulegan hvíldartíma og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/645 frá 18. apríl 2018 um breytingu á tilskipun 2003/59/EB um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga.

Samtökin vilja koma eftirfarandi áherslum á framfæri sem fjallað er um nánar í umsögn þessari:

- Samtökin fagna að tekið var tillit til sjónarmiða samtakanna á fyrri stigum samráðs er lítur að útvíkkun gildissviðs reglna um aksturs- og hvíldartíma og það skýrt frekar.
- Samtökin gera hins vegar athugasemdir við að enn stendur til að 3. málsl. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga verði orðuð á þann veg að aðeins verði heimilt að ljúka endurmenntun atvinnubílstjóra í farþega- og farmflutningum *að hluta til* í fjarnámi en þeim hefur hingað til verið heimilt að sinna endurmenntun sinni að öllu leyti í gegnum fjarnám.
- Þá gera samtökin athugasemdir við að til standi að ganga lengra en nauðsyn þykir við lögfestingu og innleiðingu íþyngjandi Evrópureglna sem Íslandi hefur verið veitt sérstök undanþága frá.
- Taki frumvarpið ekki breytingum leggja samtökin sérstaka áherslu á að metin verði þörfin til endurskoðunar námskrár endurmenntunar atvinnubílstjóra.

Frumvarpsdrög voru birt til umsagnar í samráðsgátt 22. september 2022 og veittu samtökin umsögn sína um drögin 6. október það ár. Umsögn samtakanna snéri að 8. gr. frumvarpsins sem kveður á um útvíkkun gildissviðs reglna um aksturs- og hvíldartíma annars vegar og 9. gr. þess sem kveður á um breytingu á heimild til endurmenntunar atvinnubílstjóra með fjarnámi hins vegar en báðar þær breytingar er að rekja til innleiðingar framangreindra Evrópureglna. Samtökin veittu umsögn sína um sambærilegt lagafrumvarp á 153. löggjafarþingi, dagsett 23. febrúar 2023, þar sem því var fagnað að tekið var tillit til sjónarmiða samtakanna á fyrri stigum samráðs er lítur að útvíkkun gildissviðs reglna um aksturs- og hvíldartíma og það skýrt frekar. Í umsögn samtakanna frá 23. febrúar 2023 við frumvarpið gerðu samtökin hins vegar athugasemdir við að enn stæði til að 3. málsl. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga verði orðuð á þann veg að aðeins verði heimilt að ljúka endurmenntun atvinnubílstjóra í farþega- og farmflutningum *að hluta til* í fjarnámi en þeim hefur hingað til verið heimilt að sinna endurmenntun sinni að öllu leyti í gegnum fjarnám. Í umsögn þessari vilja



samtökin þ.a.l. ítreka fyrri umsagnir sína sem vísað er til að framan og um leið gera frekari athugasemdir við efni greinargerðarinnar að baki frumvarpsins.

Í kafla 2.5 í frumvarpi laganna um *Tilgang og nauðsyn lagasetningar* vegna innleiðingar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/645 segir að:

„Ákveðnir námsþættir eru taldir kreijast verklegar þjálfunar þar sem ekki er hægt að kenna þá með fullnægjandi hætti í iðarnámi. Sökum þess er í tilskipuninni mælt fyrir um að ekki skuli kenna meira en 12 kennslustundir af 35 í iðarnámi. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2022 kemur fram aðlögunartexti þess efnis að krafa um hámarksjölda kennslustunda í iðarnámi eigi ekki við um Ísland. Þær kröfur eru þó gerðar að kennsla skuli samanstanda af fræðilegri og verklegri kennslu.“

Sérstaklega er fjallað um það í EES gagnagrunni stjórnvalda hverjar ástæðurnar voru fyrir því að Ísland óskaði eftir undanþágu frá hömlum reglugerðar ESB á því hversu stóran hluta endurmenntunar ökumanna sé heimilt að taka í fjarnámi. Þar er tekið fram að fáist ekki undanþága frá nefndu ákvæði reglugerðarinnar muni það gera nemendum utan höfuðborgarsvæðisins erfitt um vik að sækja sér endurmenntun. Skýtur það því skökku við að nú sé lögð til breyting á 58. gr. umferðarlaga þrátt fyrir að aðlögunartexti hafi verið samþykktur og þá án nokkurrar umfjöllunar um áður nefnd byggðarsjónarmið sem voru þess valdandi að Ísland óskaði eftir nefndum aðlögunartexta. Með því að afnema möguleika atvinnubílstjóra til endurmenntunar að öllu leyti með fjarnámi er verið að leggja meira íþyngjandi kröfur á viðkomandi starfstétt en nauðsynlegt er samkvæmt mati sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Þá ber að mati samtakanna að huga að því að námskrá endurmenntunar atvinnubílstjóra gerir ráð fyrir bæði bótlegrri og verklegri kennslu en í flestum tilvikum er verklegi hluti hennar valkvæður að undanskilinni verklegri kennslu valáfanga sem ekki eru skylduáfangar. Nemendur geta því, líkt og kennsluáætlun er sett fram, sinnt endurmenntunarskyldu sinni alfarið með bótlegrri kennslu kjósi þeir svo. Fyrirhugaðar lagabreytingar leiða því til þess að valkvæðir verklegri hlutar endurmenntunar atvinnubílstjóra verði að skyldu án þess að fjallað sé um áhrif þess í texta frumvarpsins með framangreindum erfiðleikum nemenda utan höfuðborgarsvæðisins til að sækja sér verklega endurmenntun í samræmi við námskrá.

Með hliðsjón af þegar veittri undanþágu samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í aðlögunartexta tilskipunarinnar er það mat samtakanna að ekki skuli ganga lengra en nauðsyn þykir við lögfestingu og innleiðingu íþyngjandi Evrópureglna sem Íslandi hefur verið veitt sérstök undanþága frá. Ákvæði 3. málsl. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga er í fullu samræmi við efni tilskipunarinnar á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar og þarfnast ekki breytingar. Sé það mat löggjafans og stjórnvalda að nauðsynlegt sé að atvinnubílstjórar sækji tiltekna verklega endurmenntun á nánar tilgreindu tímabili er eðlilegra að sú krafa skuli útfærð nánar í reglugerð ráðherra um ökuskipteini nr. 830/2011 með vísan til 2. málsl. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga og eftir atvikum útfært við endurskoðun námskrár endurmenntunar atvinnubílstjóra en endurskoðun námskrárinnar er þörf að mati félagsmanna samtakanna.

Með vísan til framangreindrar umsagnar vilja samtökin hvetja umhverfis- og samgöngunefnd til að endurskoða efni frumvarpsins sem um ræðir í þá átt að ekki sé gengið lengra en nauðsyn þykir við lögfestingu og innleiðingu íþyngjandi evrópureglna sem Íslandi hefur verið veitt



sérstök undanþága frá og koma þannig í veg fyrir óþarfa gullhúðun við innleiðingu Evrópureglna. Sjái nefndin sér ekki fært á að verða við slíkri áskorun fara samtökin fram á að metin verði þörfin til endurskoðunar námskrár endurmenntunar atvinnubílsstjóra með hliðsjón af framangreindri breytingu 3. máls. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga með það í huga að nemendur utan höfuðborgarsvæðisins hafi tækifæri á að sækja bóklega kennslu í staðnámi í stað þess að gerð verði krafa um lágmarksfjölda verklegrar kennslu og að Samgöngustofa, sem ábyrgt stjórnvald með endurmenntun atvinnubílsstjóra, verði gert skylt að tryggja fullnægjandi bóklegt nám um allt landið.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink that reads 'Bjartmar Steinn Guðjónsson'.

Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI